

mælum hlutadeiganda prófasts, hefir hreppsnefndin í Þingeyrarhreppi í Ísafjarðarsýslu skýrt frá því, að hún samkvæmt áskorun prófastsins hafi, þá er presturinn á Söndum í Dýrafirði fluttist að öðru prestakalli, tekizt á hendur að annast um endurbyggingu kirkjunnar á Söndum, og hefir hún því farið þess á leit, að nefndri kirkju verði veitt 800 króna lán, er endur borgist af hinum árlegu tekjum kirkjunnar.

Fyrir því skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar að jeg samþykki, að kirkjan á Söndum taki hið nefnda lán, þannig, að það endurborgist á hinum næstu 16 árum með 50 krónum í hvert skipti og ávaxtist með 4 af hverju hundraði þess, er eptir stendur ár hvert, uns það er að fullu endurgoldið, hvortvegga af sjóði kirkjunnar, og að því leyti sem hann kynni ekki að hrökkva til, þá af tekjum prestakallsins.

— *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um þjónustu í óveittu prestsem bætti.* — Út af því, að prestur, er um nokkur undanfarin ár hafði þjónað prestlausu náubabraudi, hafði afsalað sjer þessari þjónustu, var stiptyfirvöldunum tjáð til leiðbeiningar og ráðstafanar, að það bæði samkvæmt löggjöfni og rjettarvenjunni er skylda hins næsta prests við óveitt prestakall að þjóna því, eptir nákvæmari fyrirskipun hlutadeigandi hjeradsprófasts og gegn endurgjaldi af tekjum embættisins.

— *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um skýringu á 19. grein sveitarstjórnartilskipunarinnar.* Eptir að alþingi í fyrra hafði vísað til landshöfðingja 2 bænarskrám frá sýslufundi á Þorbergsstöðum í Dalasýslu, og frá hreppsnefndarfundi í Miðvik í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu, um breytingu eða skýringu á 19. grein í sveitastjórnartilskipuninni frá 4. maí 1872, leitaði jeg álita hlutadeigandi amtmanna um þessar bænarskrár. Hefi jeg síðan meðtekið álit þeirra í þóknanlegum brjefum dagsettum 17. novbr. f. á. og 22. febr. þ. á., og skal því þjónustusamlega tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar það, er nú segir:

Að svo miklu leyti sem í nefndum bænarskrám hefir verið farið fram á, að lagaákvörðunum þeim, er hjer er um að ræða, verði breytt, hefir alþingi skorið úr þeim, með því að vísa þeim til landshöfðingja, því það liggur í augum uppi, að slík breyting getur ekki komizt á nema með nýju lagaböði, og er jeg alþingi samdáma um, að hún sje hvorki nauðsynleg nje hentug. Eptir því, sem hagar til hjer á landi, verður sem sje að telja það hentugt, að láta reikningsár hreppanna eptirleidis eins og hingað til ná frá fardögum til fardaga, en þá er einnig nauðsynlegt, ef reikningar hreppsins eiga að vera í lagi, og hreppsúar hafa þann fljóta aðgang til að kynna sjer ástand hreppsins og stjórn hreppsnefndarinnar á málum hans, sem sveitarstjórnartilskipunin gjörir ráð fyrir, að hreppsnefndin fyrir fardaga semji áætlun um tekjur og gjöld hreppsins.

Miður nauðsynlegt mætti virðast, að semja, um leið og áætlunin er lögð fram, niðurgöfnunarskrá um upphæð þá, sem ætlað er að á muni vanta að fátækrafund og aðrar tekjur hreppsins hrökkvi fyrir útgjöldum, og mætti jafnvel segja, að eigi væri hægt að semja slíka skrá, áður en upphæð fátækrafundarinnar væri kunn. En við þetta er athugandi, að hreppsnefndinni er fullkomlega leyfilegt, að haga áætluninni svo, að hreppurinn eigi á hverju ári nokkuð afgangs tekjunum, er leggja megi í viðlagasjóð fyrir hreppinn og geyma annaðhvort í peningum hjá gjaldkera nefndarinnar, í sparisjóði eða á öðrum stað, þar sem hægt er að ná fjenu, ef á því þarf að halda. Sveitarstjórnartilskipunin virðist jafnvel, með því að gefa hreppsúum gjaldfrest á sveitargjöldum til 31.